

SAMNINGUR

Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum um

Rannsóknamiðstöð ferðamála

1. Aðilar samnings og tilgangur samstarfs

Háskóli Íslands (hér eftir HÍ), Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (hér eftir Hólaskóli) og Háskólinn á Akureyri (hér eftir HA) gera með sér samning um sameiginlegt verkefni undir heitinu Rannsóknamiðstöð ferðamála (hér eftir RMF), sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum, einu nafni ferðamálafræðum.

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvers annars til þess að efla rannsóknir og menntun, auka tengsl háskóla og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

2. Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna varðandi kennslu og rannsóknir
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum
- stuðla að eflingu rannsóknartengds framhaldsnáms á sviði ferðamála.

3. Stjórn

Rektorar HÍ og HA tilnefna hvor um sig tvo menn í stjórn RMF og rektor Hólaskóla einn. Að auki óska þeir eftir því að Ferðamálastofa og Samtök ferðapjónustunnar tilnefni hvor sinn fulltrúa í stjórnina. Stjórnin kys úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns.

Stjórn ákveður rannsóknarstefnu RMF, samþykkir ársskýrslu, ársreikning og starfsáætlun og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

4. Forstöðumaður og aðrir starfsmenn

Rektor HA ræður forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður er starfsmaður HA. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri RMF, annast áætlanagerð og hefur yfirumsjón með fjáröflun. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor HA. Hann situr stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Forstöðumaður ræður starfsfólk í umboði rektors HA, í samráði við og að fengnu samþykki stjórnar. Starfsfólk RMF heyrir undir HA.

5. Fjármál, aðstaða o.fl.

Tekjur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru eftirfarandi:

- framlög frá samningsaðilum, skv. samkomulagi
- framlög frá öðrum aðilum
- styrkir til einstakra verkefna
- greiðslur fyrir umbeðin verkefni
- gjafir

Aðalstöðvar RMF eru við HA þar sem forstöðumaður verður staðsettur.

HA sér RMF fyrir aðstöðu á markaðsleigu og þjónustu á raunkostnaði. Kostnaður þessi er hluti af framlagi HA til RMF og er að hámarki 3 milljónir króna á ári. Reikningshald RMF verður fært hjá HA undir sérstökum lið og skal það vera hluti af heildarreikningi háskólans.

Forstöðumaður hefur ekki prókúru, en samþykkir reikninga sem gjaldkeri HA síðan greiðir.

Reikningar vegna ferðakostnaðar og risnu skulu jafnframt samþykktir af formanni stjórnar.

RMF ber að halda verkefnisbókhald og gæta þess að fara að samkeppnislögum.

6. Aðalfundur

Ársskýrsla, ársreikningur og starfsáætlun skulu samþykkt á aðalfundi RMF og kynnt aðilum samningsins.


7. Lagastoð og gildistími

Samningur þessi, sem gerður er á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, tekur við af fyrri samningi frá 4. september 1999 um sama efni og kemur í stað hans. Samningurinn er til fjögurra ára, en hver aðili um sig getur sagt honum upp með 12 mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildi frá næsta aðalfundi þar á eftir. Heimilt er að gera breytingar á samningnum með samþykki allra aðila.

Samningurinn er gerður í þremur samhljóða eintökum og varðveitir hver aðili sitt eintak.

Akureyri, Hólar og Reykjavík 4. júlí 2014


F.h. Háskóla Íslands


Kristín Ingólfssdóttir, rektor

F.h. Háskólans á Hólum


Erla Björk Örnólfssdóttir, rektor

F.h. Háskólans á Akureyri


Eyjólfur Guðmundsson, rektor